

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (Iðnaðarnefnd).

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar iðnaðarnefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar, í samræmi við 2. mgr. 25. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991.

Nefndin fékk á fund sinn Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Minni hlutinn tekur undir þær megináherslur sem koma fram í álit meiri hluta iðnaðarnefndar en minnir jafnframt á að eftir er að færa stóra málaflokka til ráðuneytisins og að mikil óvissa ríkir enn um fjárhagsleg áhrif af þeim flutningi.

Minni hlutinn telur mikilvægt að aðgreina með skýrum hætti annars vegar almennar aðgerðir til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og hins vegar þær sértæku aðgerðir sem boðaðar hafa verið í tilefni af niðurskurði þorskveiða. Aðeins með því móti er hægt að greina hvort verið er að beina stuðningnum til þeirra byggða sem verst verða úti vegna niðurskurðarins. Um er að ræða gífurlega mikilvægt mál og forsendu byggðar víða um land.

Minni hlutinn saknar þess einnig að ekki er í frumvarpinu tekið með skýrum hætti á stóriðjustefnunni og þykir ekki nægilega skýrt hvort stefnt sé að áframhaldandi uppbyggingu stóriðju, fleiri álverum og stórvirkjunum vegna þeirra. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að stöðva öll áform um frekari uppbyggingu stóriðju og telur brýnt að leggja áherslu á fjölbreytta og meðalstóra iðnaðarkosti af viðuránlegri stærð, bæði fyrir hagkerfið og viðkomandi byggðarlög.

Þá áskilur minni hlutinn sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Alþingi, 12. nóv. 2008

Auður Lilja Erlingsdóttir.